

Nd.

71. Frumvarp

til laga um breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

Flutningsm.: Einar Árnason, Stefán Stefánsson og Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

- a. Tölul. 1 orðist svo:
Af allskonar öli, limonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0.20 af hverjum litra.
- b. Tölul. 5 orðist þannig:
Af sóðavatni kr. 0.05 af hverjum litra.
- c. Tölul. 7 orðist þannig:
Af tóbaki allskonar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki, kr. 3.00 af hverju kílógr.
- d. Tölul. 8 orðist þannig:
Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigaretum) kr. 6.00 af hverju kílógr.
- e. Tölul. 15 orðist þannig:
Af öllum brjóstsykur- og konfekttegundum kr. 1.50 af hverju kílógr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ástæður:

Það er fyrirsjáanlegt, að tekjur landssjóðs muni naumast hrökkva fyrir óbjákvæmilegum útgjöldum, ef ástand það, er nú ríkir í heiminum, breytist eigi bráðlega til batnaðar. Þvi er nauðsynlegt að leita sem flestra ráða og fara allar þær leiðir, er færar þykja, til að afla landssjóði tekna. Hjer er farið fram á, að auka tekjurnar með því að hækka toll á nokkrum lítt þörfum vörutegundum. —